

Fitu- og þurrefnismælingar á spærlingi

Össur Kristinsson
Emilía Martinsdóttir

Inngangur

Spærlingsveiðar hafa aðeins verið stundaðar hér við land í nokkur ár eða síðan 1969. Samkvæmt upplýsingum frá Fiskifélagi Íslands, hefur aflinn verið sem hér segir, hin einstöku ár:

1969	886 tonn
1970	2.890 "
1971	3.030 "
1972	40 "
1973	8.465 "
1974	14.101 "
1975	4.315 "
1976	27.981 "

Segja má, að allur þessi afli hafi farið til bræðslu, þó örlítið hafi reyndar verið unnið og fryst til manneldis í tilraunaskyni.

Nú er svo komið, að spærlingsveiðar eru orðnar verulegur þáttur í útgerð frá höfnum sunnanlands yfir sumar- og haustmánuðina. Á sama hátt er bræðsla á spærlingi orðin mikilvæg grein í starfsemi mjölverk-smiðja, einkum í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn. Rétt er að taka hér fram, áður en lengra er haldið, að þó talað sé um spærlingsveiðar og spærlingsafla, er sjaldnast eingöngu um spærling að ræða. Smávaxinn kolmunni er oftast saman við, og það í talsvert miklum mæli, þó menn hafi ekki alltaf gert sér það ljóst, þar sem fiskarnir eru mjög áþekkir í útliti. Eins og vænta má við togveiði, slæðast ennfremur með ýmsir aðrir fiskar, en það er hlutfallslega lítið magn.

Helstu veiðisvæðin hafa verið við Vestmannaeyjar, við Surtsey og í Háfadýpi, og hefur lang mest af spærlingsaflaum undanfarn ár komið af þessum miðum. Við lok síðustu vertíðar (1976) voru bátarnir þó farnir að sækja talsvert á önnur mið fyrir austanverðu Suðurlandi allt austur fyrir Ingólfshöfða og fékkst þar að jafnaði stærri spærlingur.

Eins og kunnugt er, er spærlingurinn (og kolmunninn raunar líka) af þorskfiskaætt. Hold þorskfiskanna er aldrei fituríkt, en hins vegar safnast mikil fita í lifur þeirra og þeir verða lifrarmiklir. Lýsi, sem fæst við bræðslu á spærlingi, er því að mestu lifrarlýsi.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur á undanförunum árum efnagreint mikinn fjölda af spærlingssýnum, og þá sérstaklega með tilliti til þess, hversu afurðamikill fiskurinn er til bræðslu á hverjum tíma. Efnagreiningar hafa ýmist verið gerðar í Reykjavík eða Vestmannaeyjum. Í Tæknitíðindum nr. 24, er að finna niðurstöður mælinga til ársins 1970.

Hér á eftir eru niðurstöður mælinga frá árunum 1972-1976.

Niðurstöður

Tafla 1. Fitu- og þurrefnismælingar á spærlingi 1972-1976.

<u>Veiðidagur</u>	<u>Veiðistaður</u>	<u>Fita %</u>	<u>Fitufrítt þurrefni %</u>
1972 4/5	Háfadýpi	1.2	19.3
" 8/5	"	1.1	19.0
1973 22/8	Eldeyjarbanki	7.6	18.9
1974 19/5	Við Surtsey	1.8	17.5
" 5/6	"	1.8	19.6
" 11/6	"	3.3	19.4
" 20/6	"	4.8	19.5
" 26/6	"	5.2	17.8
" 29/6	"	6.4	18.3
" 2/7	"	3.6	19.1
" 4/7	"	6.2	16.8
" 10/7	"	6.1	18.0
" 13/7	"	6.9	18.6
" 17/7	Háfadýpi	6.2	19.2
" 23/7	Við Surtsey	7.9	16.6
" 30/7	"	10.2	18.1

Tafla 1. Frh.

<u>Veiðidagur</u>	<u>Veiðistaður</u>	<u>Fita %</u>	<u>Fitufrítt þurrefni %</u>
1974 14/8	Við Surtsey	11.1	19.2
" 20/8	"	8.8	18.1
" 27/8	"	6.7	18.3
" 1/9	"	9.8	18.8
" 4/9	"	9.7	18.2
" 6/9	"	9.2	19.2
" 3/10	"	10.3	19.3
" 5/10	"	10.6	19.7
" 9/10	"	10.0	18.7
" 20/10	Háfadýpi	9.8	19.6
" 20/10	"	9.9	19.7
" 31/10	Við Surtsey	9.9	20.1
" 31/10	"	9.1	19.8
" 10/11	"	8.5	20.4
" 10/11	"	9.6	19.0
" 18/11	"	7.8	18.8
1975 24/4	Háfadýpi	1.3	17.7
" 11/6	V af Eldey	2.9	19.7
" 7/9	Háfadýpi	6.2	18.6
" 8/9	Við Surtsey	5.4	19.5
" 11/9	Háfadýpi	7.2	19.8
" 14/9	"	3.1	18.2
" 17/9	Við Surtsey	8.1	19.5
" 20/9	"	8.4	19.6
" 21/9	"	8.2	19.8
" 21/9	"	8.7	19.7
" 23/9	Við Surtsey	6.9	20.3
" 25/9	"	7.5	19.3
" 28/9	"	6.2	
" 29/9	"	8.8	19.2
" 30/9	"	7.5	
" 3/10	"	7.6	19.4

Tafla 1. Frh.

<u>Veiðidagur</u>	<u>Veiðistaður</u>	<u>Fita %</u>	<u>Fitufrítt þurrefni %</u>
1975 16/10	Háfadýpi	7.7	19.3
" 30/10	Við Surtsey	8.8	19.7
1976 20/5		1.6	19.1
" 24/5		1.0	19.9
" 5/6	Við Eldey	1.8	19.2
" 6/6		1.5	20.1
" 11/6		1.9	20.5
" 21/6	Við Surtsey	1.3	19.5
" 22/6		2.1	20.0
" 25/6	Við Surtsey	1.1	19.6
" 5/7	Háfadýpi	1.0	20.8
" 12/7	"	1.7	19.2
" 18/7	"	2.8	18.5
" 22/7	"	2.6	19.6
" 28/7		3.5	19.6
" 1/8	Við Surtsey	4.7	19.5
" 11/8	"	6.1	19.4
" 15/8	Háfadýpi	6.9	19.0
" 16/8	Við Surtsey	7.0	18.7
" 23/8	"	7.8	18.7
" 30/8	"	7.5	19.4
" 8/9	"	8.4	18.8
" 22/9	Háfadýpi	8.1	17.9
" 28/9		7.9	18.2
" 6/10	Við Surtsey	7.6	
" 23/10	Háfadýpi	8.2	18.2
" 3/11	"	6.3	19.0
" 21/11	Við Surtsey	5.2	20.0
" 22/11	Skaftárdýpi	9.2	18.5
" 9/12	SA af Ingólfshöfða	5.8	18.2

Úr niðurstöðum fitumælinganna frá árunum 1974-1976 svo og frá árinu 1969 (sjá Tæknitíðindi nr. 24), hafa verið reiknuð meðaltöl fyrir hvern mánuð og dregin upp í eftirfarandi línurit. Hin árin, sem veiðar hafa verið stundaðar, hafa verið gerðar svo fáar mælingar, að meðaltöl verða ekki reiknuð.

Í töflu 2 eru meðaltöl mælinga á þurrefni og í töflu 3 eru meðaltöl lengdar- og þyngdarmælinga árána 1974-1976.

Tafla 2. Fitufrítt þurrefni spærlings.

Ár:	<u>1969</u>	<u>1974</u>	<u>1975</u>	<u>1976</u>
Fitufrítt þurrefni %:	19.0	18.8	19.3	19.2

Tafla 3. Meðalþyngd og -lengd spærlings.

	<u>Meðalþyngd, g</u>	<u>Meðallengd, sm</u>
1974	42.4	18.4
1975	41.6	18.3
1976	32.3	18.4

Skýringin á misræmi í meðalþyngd milli ára er sú, að mælingar 1976 eru flestar frá vori, en hin árin flestar frá hausti, þegar spærlingurinn er lifrarmikill.

Ályktanir

Af framangreindum niðurstöðum er ljóst, að spærlingurinn er misjafnlega afurðamikill eftir árstímum. Þurrefnisinnihald fisksins er að vísu mjög svipað allt árið, 18-20%, en fituinnihaldið breytist mjög mikið. Á vorin er fituinnihaldið lægst 1-2%, en á haustin er það hæst, allt upp í 11%. Nokkuð virðist það mismunandi frá ári til árs, hvenær sumarsins spærlingurinn fitnar mest, svo og hver hámarksfitan verður. Þetta er vafalaust háð þeim lífsskilyrðum, sem hann

við hverju sinni. Benda má á, að svipaðar sveiflur koma fram í lýsisinnihaldi þorsklifrar, eins og lesa má um í Tæknitíðindum nr. 33.

Eins og áður var getið, hefur spærlingsaflinn oft verið talsvert blandaður kolmunna. Mælingar hafa sýnt, að efnasamsetning kolmunnans er oftast mjög svipuð og spærlingsins, sem hann fylgir, svo báðir ættu að vera álíka afurðamikið hráefni fyrir verksmiðjurnar.

